

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 8
17. febr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. febrúar 1923.

Kl. Jónsson.

Vigfús Einarsson.

GJALDSKRÁ

9
17. febr.

fyrir

rafveitu Eyrarbakkahrepps.

1. gr.

Hver rafmagnsnotandi (húseigendur og þeir, sem sjerstakt herbergi hafa á leigu) greiði á ári fyrir 1 lampastæði kr. 40,00 og felst í því gjaldi greiðsla á alt að 15 kílówattstunda eyðslu um árið. Fyrir hvert lampastæði umfram greiðist á ári kr. 10,00 og felst í því gjaldi greiðsla á alt að því 5 kílówattstunda eyðslu um árið á hvert þeirra. Fyrir hverja kílówattstund, sem eytt er á ári hverju fram yfir það, sem áður er sagt að felist í gjöldum af lampastæðum, greiðist 75 aurar.

Leiga fyrir hvern straummæli skal vera á ári hverju kr. 10,00.

Auk þess skal eigandi hvers húss sem er í sambandi við taugakerfi Rafveitunnar, greiða á ári hverju gjald, er nemi $1\frac{1}{2}$ pró mille af virðingarverði hússins, miðað við verð þess, eftir gildandi fasteignamati

2. gr.

Föstu rafmagnsgjöldin, sem miðuð eru við lampastæði, greiðist 6 sinnum á ári, 1. okt., 1. nóv., 1. des., 31. des., 1. mars og 15. maí. $\frac{1}{6}$ hluti þeirra í hvert sinn. Leigan af straummæli og gjaldið, sem miðað er við virðingarverð húsanna, greiðist í einu lagi með rafmagnsgjöldunum 1. október, og gjaldið fyrir það, sem eytt er fram yfir það, sem felst í gjöldum af lampastæðum, greiðist í einu lagi með rafmagnsgjöldunum 31. desember. Sjeu gjöldin eigi greidd 15 dögum eftir gjalddaga, má slíta sambandi við hlutaðeigandi notanda eftir skriflegri tilkynningu til hans eða húseiganda. Húseigandi ber ábyrgð á, að gjöldin sjeu greidd í tæka tíð.

Öll gjöld til rafveitunnar má taka lögtaki.

3. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. jan. 1923, og með henni fellur úr gildi gjaldskráin, sem sett var fyrir Rafveitu Eyrarbakkahrepps 11. febrúar 1921.

1923

9 Gjaldskrá þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóv. 1915, og 17. febr. birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. febrúar 1923.

Kl. Jónsson.

Vigfús Einarsson.

10 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Hjúkrunarsjóð Ólafsfjarð-
24. febr. arhrepps“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumála-
ráðherra 24. febr. 1923.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Hjúkrunarsjóð Ólafsfjarðarhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 2000 kr. gjöf kvenfjeldagsins „Æskan“ í Ólafsfirði.

2. gr.

Tilgangur sjóðsstofnunarinnar er að stofna hjúkrunarfelag í Ólafsfjarðarhreppi, er annist um að útvega lærða hjúkrunarkonu eða kosta einlingum geti liðið sem best.
hverja vel hafa konu til hjúkrunarnáms, og yfirleitt styðji að því, að sjúk-

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, heldur skal hann aukinn á þann hátt, sem hjer greinir:

- 1) með 2 kr. árlegu tillagi frá hverjum meðlimi kvenfjeldagsins,
- 2) með gjöfum, er sjerstaklega kynnu að verða gefnar í þessu skyni, og
- 3) með öllum árlegum sparisjóðsvöxtum sjóðsins.

4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn full 6000 kr., tekur hann til starfa, og má þá verja til þess allt að $\frac{3}{4}$ ársvaxta sjóðsins, auk gjafa og árstillags hvers meðlims kvenfjeldagsins, En $\frac{1}{4}$ vaxta leggist árlega í sjóðinn.